



Reykjavík, 26. maí 2014

Endurmat á því hvort Verðbréfaskráning Íslands hf. uppfylli tiltekin alþjóðleg tilmæli um öryggi verðbréfauppgjörs

Veturinn 2011-2012 gerði Fjármálaeftirlitið athugun á uppgjörsumhverfinu á Íslandi og uppgjörskerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. (Verðbréfaskráning). Athugunin var gerð í samvinnu við Seðlabanka Íslands. Í athuguninni var skoðað hvort uppgjörsumhverfið á Íslandi og verðbréfauppgjörskerfi Verðbréfaskráningar uppfylltu skilyrði tilmæla Evrópska Seðlabankans og CESR (samtök evrópskra verðbréfaeftirlita) frá árinu 2009 (e. Recommendations for Securities Settlement Systems).

Tilgangurinn með tilmælunum er að stuðla að samkeppnishæfu, öruggu og skilvirku fyrirkomulagi verðbréfauppgjörs í Evrópu. Þau greinast í 19 tilmæli en einungis var kannað hvort 13 þeirra væru uppfyllt hér á landi. Niðurstaðan var sú að tilmæli nr. 6, 7, 10, 12 og 14 væru uppfyllt að fullu, tilmæli nr. 1, 2 og 3 væru uppfyllt að stórum hluta og tilmæli nr. 8, 11, 13, 15 og 17 væru einungis uppfyllt að hluta. Niðurstöður athugunarinnar voru birtar þann 23. nóvember 2012 á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins: [Athugun á því hvort Verðbréfaskráning Íslands hf. og verðbréfauppgjörsumhverfið á Íslandi uppfylli tilmæli Evrópska Seðlabankans og CESR frá 2009 um öryggi verðbréfauppgjörs.](#)

Frá því að niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í lok árs 2012 hefur Verðbréfaskráning unnið að endurbótum á ferlum og verðbréfauppgjörskerfi sínu. Í kjölfarið óskaði Verðbréfaskráning eftir því að Fjármálaeftirlitið endurmæti þau tilmæli sem ekki voru metin uppfyllt að fullu í fyrrgreindri athugun. Fjármálaeftirlitið hefur lokið við endurmatið og telur að Verðbréfaskráning hafi brugðist við ábendingum matsaðila (Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn) og að tilmæli nr. 1, 2, 3, 8, 11, 13, 15 og 17 séu nú uppfyllt að fullu.

Umfjöllun um inntak þeirra tilmæla sem voru tekin til skoðunar er að finna í niðurstöðum athugunarinnar sem var birt þann 23. nóvember 2012. Hér verður gerð nánari grein fyrir aðgerðum Verðbréfaskráningar í kjölfar athugunarinnar varðandi þau tilmæli sem voru endurmetin:

Tilmæli 1: Lagarammi

Verðbréfaskráning hefur sótt um að fá uppgjörskerfi sitt viðurkennt, sbr. 3. gr. laga um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum nr. 90/1999.

Tilmæli 2: Staðfesting viðskipta og pörun uppgjörs

Verðbréfaskráning og Seðlabanki Íslands hafa gert með sér nýjan samning, dags. 30. maí 2013, um framkvæmd verðbréfauppgjörs o.fl. Samningurinn byggir á breyttu verklagi sem gengur út frá tveimur verðbréfauppgjörum hvern uppgjörsdag, ásamt tilheyrandi breytingum á samskiptum og upplýsingagjöf milli aðila. Með hliðsjón af fyrrgreindum samningi var gerður þjónustusamningur milli Verðbréfaskráningar og



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reiknistofu bankanna, dags. 7. júní 2013, ásamt viðauka við þjónustusamning, dags. 9. júní 2013, um nettunar- og arðgreiðsluþjónustu.

Tilmæli 3: Uppgjör og viðskiptatími og tilmæli 8: Tímasetning efdaloka (e. finality) uppgjörs

Þann 10. júní 2013 hóf Verðbréfaskráning að keyra tvö verðbréfauppgjör hvern uppgjörsdag. Fyrri uppgjórið fer fram kl. 11:45 og hið síðara kl. 15:00. Uppgjörskerfi Verðbréfaskráningar var á sama tíma breytt og er það nú opið fyrir millifærslur og uppflettingar á stöðu viðskiptavina og er aðgengilegt fyrir reikningsstofnanir frá kl. 9:00 til 17:00 á bankadögum.

Tilmæli 11: Rekstraráhætta

Verðbréfaskráning hefur tekið upp nýtt kerfi þar sem haldið er utan um öll þau ferli, handbækur og önnur skjöl sem eru nauðsynleg við daglegan rekstur. Einnig hefur Verðbréfaskráning uppfært skráningu á áhættu, rekstrarsamfellu, handbókum og verkferlum, ásamt því að skjala betur prófanir og flokka afritunaráætlanir eftir kerfum. Öryggi uppgjörs hefur verið aukið með því að fjölga uppgjörshringjum og auka eftirlit. Þá hefur Verðbréfaskráning yfirfarið alla samninga við þriðja aðila.

Tilmæli 13: Stjórnarhættir (e. Governance)

Heimasíða Verðbréfaskráningar hefur verið uppfærð með hliðsjón af stjórnarháttum þess. Á heimasíðunni má nú finna umfjöllun um samskipti við reikningsstofnanir, reglulega fundi með reikningsstofnunum og stjórnskipan félagsins. Auk þess hafa samþykktir Verðbréfaskráningar verið gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Tilmæli 15: Skilvirkni

Í skipulagshandbók og á heimasíðu félagsins kemur nú fram að Verðbréfaskráning hafi það að markmiði að halda góðum samskiptum við reikningsstofnanir og bjóði til fundar að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem farið er yfir starfsemina.

Tilmæli 17: Gagnsæi

Á heimasíðu Verðbréfaskráningar er nú að finna umfjöllun um helstu áhættur við uppgjörferli, flutning og geymslu gagna. Þá hefur félagið einnig birt ýmsar tölulegar upplýsingar s.s. um verðmæti eigna við árslok eftir flokkum, fjölda og upphæðir uppgerða viðskipta o.fl.

Fjármálaeftirlitið telur að Verðbréfaskráning uppfylli nú þau 13 tilmæli sem til athugunar voru.